

5. fundur Betadeildar starfsárið 2019 - 2020 – haldinn í Verkmenntaskólanum á Akureyri, 17. febrúar kl. 19:00

Setning fundar

Sigríður Magnúsdóttir formaður setti fundinn og bauð konur velkomnar. Hún bað síðan Ernu að kveikja á kertum. Sigríður flutti kveðjur frá fjarstöddum konum og fól Þorgerði Sigurðardóttur fundarstjórn fyrir hönd undirbúningshóps.

Orð til umhugsunar

Hanna Salomonsdóttir flutti orð til umhugsunar, Hún fór yfir markmið samtakanna sem var góð upprifjun fyrir félagskonur auk þess að vera kynning fyrir gesti Betakvenna sem boðið var á þennan fund. Hún sagði einnig frá útgáfu Betadeildar á bók um Elísabetu Geirmundsdóttur, listakonunni í Fjörunni, sem var gefin út í 1000 tölusettum eintökum árið 1989 á 30 ára dánarafmæli Elísabetar. Hanna fór að lokum með ljóðið *Nafnlaust ljóð* eftir Elísabetu. Þorgerður þakkaði Hönnu fyrir góð orð til umhugsunar og minnti konur á að enn væru til nokkur eintök af bókinni og einnig væri til eitthvað af póstkortum.

Fundargerð síðasta fundar

Elín las fundargerð síðasta fundar sem var bókafundur á heimili Önnu Þóru þann 15. janúar og var hún samþykkt.

Erindi frá stjórn

- Sigríður afhenti Ernu afmælisgjöf í tilefni 60 ára afmælis hennar. Erna opnaði gjöfina sem innihélt ofurhetjupakka UNICEF. Erna þakkaði fyrir gjöfina og sagðist alsæl með að aðrir fengju að njóta.
- Jónína minnti konur á vorþingið 9. maí. Deltadeild sér um umgjörð þingsins og menntamálanefnd skipuleggur dagskrá en ekki er búið að gefa hana út. Ýmsar upplýsingar eru komnar á vefinn og búið að opna fyrir pantanir á herberjum. Þorgerður minnti konur á að félagsskapurinn væri stórt atriði á þessum þingum burtséð frá dagskránni og hvatti konur til að skrá sig.

Kaffihlé var með hefðbundnum hætti, stórkostlegum veitingum og pyngjan góða gekk milli kvenna. Dregið var í happdrættinu og var það Hugrún sem hlaut vinninginn að þessu sinni.

Erindi kvöldsins flutti Svanfríður Larsen

Svanfríður sagði frá efni bókar sinnar *Á réttri leið – Uppbygging og þróun í málefnum fatlaðra á Norðurlandi*.sem hún skrifaði ásamt Bjarna Kristjánssyni Bókin segir áhugaverða sögu um það ferli sem átti sér stað frá þeim tíma þegar enga þjónustu var að fá fyrir fatlaða einstaklinga úti á landsbyggðinni, uppbyggingu og þróun. Bókin segir sögu frumkvöðla sem á margan hátt unnu kraftaverk í uppbyggingu bæði húsnæðis og þjónustu. Sagan er ekki síst sögð út frá sjónarhóli þess fólks sem notið hefur eða nýtur þjónustunnar, saga fólksins með þeirra augum. Um er að ræða stórt og mikið rit sem skiptist í fimm kafla og tekur á málefninu frá víðum sjóndeildarhring með alls konar álitamálum og umfjöllunum um viðhorfsbreytingar sem átt hafa sér stað í gegnum tíðina. Eftir erindi Svanfríðar þakkaði Sigríður henni fyrir með rauðri rós og kærum þökkum fyrir fróðlegt og uppbyggjandi erindi.

Fundarslit

Sigríður bauð Ernu að slökkva á kertum og sleit formlegri dagskrá kl. 20:25.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir